

Skilgreiningar

1. Skilgreiningin á læsi er afar þröng og í litlu samræmi við skilning flestra í nútímanum á læsishugtakinu (e. literacy). Nánast undantekningalaust felur skilgreining nútímamanna á læsi í sér bæði *lestur* og *ritun* og oftast *tjáningu* og *miðlun* einnig. Hér er einnig að mestu leyti skautað framhjá skilgreiningu á læsi sem félagslegu fyrirbæri (sjá, t.d. í Aðalnámskrá grunnskóla). Í raun er þetta skilgreining á textalestri en ekki læsi. Eðlilegt væri að taka mið af skilgreiningu Aðalnámskrár grunnskóla, sem á að móta skólastarf og einnig skilgreiningum PISA þar sem megin árangursviðmið *Hvítbókarinnar* er þaðan komið. Það er nauðsynlegt að tillögurnar taki mið að vel útfærðri skilgreiningu á læsi þannig að þeir sem eru að vinna þær hafi skýra hugmynd um hvaða færni og hæfni nemenda ætlunin er að tillögurnar komi til leiðar. Ef þessi þrönga skilgreining verður ofan á í tillögunum ætti hvergi að tala um læsi í þeim, heldur *lestur*. Hvort sem stefna um *lestur* eða læsi verður ofan á þarf að laga flökt á milli hugtakanna *lestur* og *læsi*.
2. Notkun á orðinu Byrjendalæsi er villandi í þessu skjali, þar sem Byrjendalæsi er „skrásett vörumerki“. Bernskulæsi nægir enda fullkomlega í skilgreiningunni.
3. Bernskulæsi er ekki undirþáttur í læsi heldur ákveðið stig í þróun lestrarfærni og læsishæfni.
4. Varðandi skilgreiningu á „raunprófun“ verður að spyrja: 1) hvaða rannsóknir eru viðurkenndar og 2) hvað átt er við með hugtakinu *árangur*. Almenn er hugtakið raunprófun notað um rannsóknir með tilraunasniði þar sem borinn er saman mælanlegur árangur tilraunahóps og samanburðarhóps. Í skilgreiningunni er árangur tengdur við það að „kenna ákveðna færni“. Það er varla hægt að skilja öðru vísi en svo að átt sé við mælanlega færni og þar með verður að skilja „viðurkenndar rannsóknir“ sem rannsóknir sem hafa mælingar að markmiði. Ástæða er til að benda á að „raunprófun“ kennsluáferða er mörgum annmörkum háð; bæði siðferðilegum og aðferðafræðilegum. Stærsti aðferðafræðilegi annmarkinn lýtur að innra og ytra réttmæti slíkra rannsókna, þar sem ekki er hægt að útiloka áhrif annarra breyta á niðurstöðurnar (stærsta breytan er auðvitað kennarinn sjálfur og útfærsla hans á kennsluáferð). Þetta grefur undan innra réttmæti slíkra rannsókna sem aftur gerir alhæfingargildi þeirra (ytra réttmæti) lítils virði. Við þetta má bæta að margir þættir þeirrar mannleгу hæfni sem að er stefnt í skólastarfi – og þar með læsisnámi – er ekki alltaf auðvelt að mæla. Þar nægir að nefna hæfni til djúpnáms (e. deep learning) og lausnaleitar, áhuga og félagshæfni. Rannsóknir eru að sjálfsögðu ein af mikilvægustu forsendum árangurs og farsældar í skólastarfi en við vörum hins vegar við þeirri þröngu sýn á rannsóknir sem birtist í hinni alltumlykjandi áherslu á „raunprófun“ kennsluáferða og notkun slíkra áferða. Þess í stað teljum við betur fallið til árangurs að ýta undir sem fjölbreyttastar rannsóknir og þróunarstarf í skólum og víðtæku samstarfi kennara, stjórnenda, ráðgjafa og háskólafólks um þær og tala frekar um rannsakaðar áferðir / árangursríkar áferðir.

Fjórar tillögur

Það er vel hægt að taka undir yfirskrift tillagnanna fjögurra. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á því að sjálft markmið *Hvítbókarinnar* er lágmarksviðmið; að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiði. Það er ekki metnaðarfull framtíðarsýn og gerir bæði *Hvítbókina* og tillögurnar vandamáламиðaðar fremur en framsæknar. Þessi vandamáламиðun er eitt af megineinkennum tillagnanna. Við teljum það óheppilegt og gefa þeim neikvætt yfirbragð í stað þess að leggja áherslu á jákvæð markmið og uppbyggjandi þróunarstarf með víðtækum sáttmála allra í samfélaginu um þátttöku. Spyrja má hvers vegna ekki er markmið um að fjölga þeim sem ná efstu hæfnisþrepum (en í þeim hefur fækkað á undförnum árum skv. niðurstöðum PISA). Hér verður líka að segja að það vantar greiningu á stöðu þeirra nemenda sem ekki ná margumræddum lágmarksviðmiðum. Okkur vitanlega veit enginn hvort slakt gengi þessara nemenda stafar af lítilli færni þeirra í yfirborðspáttum / tæknilegum þáttum lestrar, en slíkt er engan veginn sjálfgefið. Slík greining (rannsóknir) er að okkar mati forsenda þess að hægt sé að bregðast markvisst við.

Tillaga 1: Virtir fræðimenn á sviði breytinga og skólaþróunar (t.d. Michael Fullan) leggja áherslu á þríliða (e. tri-level) ábyrgð á menntaumbótum: Ríkis, sveitarfélaga (e. districts) og skóla. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um lærdómssamfélög og tengingu við umbótastarf í Ontario í Kanada er ekki hægt að lesa þessa áherslu út úr tillögu 1. Í henni er ábyrgð fyrst og fremst varpað á sveitarfélög og skóla án þess að séð verði hvernig á að skapa þeim forsendur til að rísa undir henni. Margt í tillögunum er eins og óskalisti frekar en aðgerðaáætlun og maður spyr sig aftur og aftur: Hvernig ...? Til dæmis þarf að koma fram hvernig fjármagna eigi þær aðgerðir sem gert er ráð fyrir að ráðist verði í. Varðandi lærdómssamfélagið sem forsendu þessara tillagna verður að spyrja um sýn höfunda hennar á það. Ekki verður annað séð en að þeir gangi út frá að lærdómssamfélag sé almennt til staðar í íslenskum skólum, þar sem ekki kemur fram í tillögunum hvernig á að koma því á ef svo er ekki; en þá verður að spyrja hvað höfundar tillagnanna hafa fyrir sér í því, eða hvort og þá hvernig þeir telja að tillögurnar styrki lærdómssamfélög skóla?

Tillaga 2:

- a. Það er hægt að taka undir flest í tillögu 2.a. Þjálfunarhugtakið er þó óheppilegt í þessu samhengi. Það felur í sér valdamun sem er ekki líklegur til árangurs. Maður þjálfar hunda og keppnislið en skólatengd ráðgjöf (e. school based consultation) er aftur á móti byggð á samræðum og samstarfi á jafningjagrundvelli. Sérstaklega verður þó að staldra við eftirfarandi tillögu af nokkrum ástæðum: „Ráðgjafar miðli bestu leiðum til eflingu læsis, þ.e. leiðum sem rannsóknir hafa sýnt að skili árangri (raunprófuðum leiðum). Þeir fylgi mati eftir og aðstoði kennara og skólastjórnendur við að gera læsinnám hnitmiðað og áhugahvetjandi fyrir nemendur.“ Ráðgjöf felur vissulega í sér að efla færni en skólatengd ráðgjöf felur fyrst og fremst í sér sameiginlega lausnaleyti ráðgjafa og kennara. Það er heldur ekki í anda áherslu tillagnanna á lærdómssamfélög að ætla kennurum að læra bara „raunprófaðar“ aðferðir af ráðgjöfum. Tilgangur lærdómssamfélaga er að læra og þróa; rannsaka og skapa þekkingu – ekki bara að taka við einhverju sem aðrir hafa fundið upp og rétta kennurum til að framfylgja. Einliða áhersla á þjálfun í „raunprófuðum aðferðum“ leggur dauða hönd á þróunarstarf og þekkingarsköpun. Hér er eins og þeir sem skrifuðu tillögurnar leiði hjá sér að hugsa um hvað áhersla á skóla sem lærdóms- og þekkingarsamfélög þýðir í raun og veru.

- b. Um þá hugmynd að miðla einungis á heimasíðu raunprófuðum aðferðum má segja það sama og í a. lið hér á undan. Þar virðist ekki vera gert ráð fyrir að þróunarstarf skóla eigi erindi til annarra.
- c. Hér má aftur gera athugasemd við þjálfunarhugtakið og skort á sýn á sameiginlega lausnaleit ráðgjafa og kennara.
- d. Það má taka undir þá tillögu að efna til árlegrar námsstefnu um læsi. Sú hugmynd er þó ekki alveg ný, því slíkar námsstefnur eru haldnar annað hvert ár á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Hins vegar verður að gera athugasemd við þá hugmynd að setja „raunprófaðar kennsluáðferðir og þróunarstarf“ í brennidepil. Það er ekki boðleg hugmynd gagnvart fræðasamfélaginu að taka eina gerð rannsókna út fyrir sviga með þessum hætti og varla til framdráttar læsismenntun í skólum – rök fyrir því hafa þegar verið rakin.
- e. Sprotasjóður er lítil og fjárvana og gjarnan mætti gera tillögu um að efla hann. Ekki er ráðlegt að binda hendur hans með þessum hætti nema til komi aukið fjármagn. Lestur og læsi er ekki það eina sem við er að glíma í skólastarfi og það er ástæða til að vara með þeirri „blindandi sýn“ (hugtakið er sótt til Fullans og Hargreaves sem tala um „visions that blind“) á skólastarf sem í þessu felst. Þessi blindandi sýn er einmitt eitt af því sem bent hefur verið á sem eina af hættunni sem stafar af vafasömum túlkunum á niðurstöðum PISA.

Tillaga 3:

- f. Skilgreina þyrfti hugtakakið „snemmtæk íhlutun“, hvað þýðir þetta hugtak hér? Hverjir eru gerendur og ábyrgðaraðilar slíkrar íhlutunar? Eru það kennarar eða sérkennarar eða ráðgjafar – og hvert er samspil og hver er ábyrgð þessara aðila? Snemmtæk íhlutun þarf að ná yfir fleira, s.s. að vekja áhuga barna á lestri og læsi og tryggja þeim lestrarhvetjandi umhverfi.
- g. Þegar hefur verið gerð athugasemd við „raunprófin“ sem þrástef þessara tillagna og rökstutt hvernig sú hugsun sem þarna kemur fram stangast í raun og veru á við hugmyndir um lærdóms- og þekkingarsamfélög sem kynnt voru sem grundvöllur tillagnanna. Ástæða er til að vara við þeirri smættun hugtaksins lærdómssamfélags sem lesa má út úr þessu. Lærdómssamfélög eru nefnilega ekki verkfæri sem stjórnvöld geta gripið til og látið framkvæmda athugasemdalaust stefnu sína á hverjum tíma, heldur eru sjálfbær (e. sustainable) þekkingarsamfélög sem hafa burði til að læra, þroskast og skapa nýja þekkingu á forsendum fagmanna sem þar starfa. Að öðru leyti eru tillögur a. og b. yfirleitt vandamálamíðaðar og miðast við ýmiss konar sérkennslumiðuð inngríp í læsinnám barna. Hér virðist hugmyndin fyrst og fremst vera að það þurfi að „gera við börnin“ og spyrja má um samhengið milli þessara tillagna og tillagna um að efla kennara.
- h. Hugmyndin um að allir kennara verði læsiskennarar hefur lengi verið viðloðandi skólastarf og hún virkar eins og óskhyggja (e. wishful thinking) frekar en raunhæf tillaga meðan ekki fylgja hugmyndir og aðferðir. Slík óskhyggja er vel að merkja eitt af því sem ýmsir fræðimenn á sviði skólaþróunar vara við. Það er líka ástæða til að staldra við hugmyndina um að sinna sérstaklega þeim nemendum sem sýna afburðahæfni í lestri. Hér á enn að einangra hóp nemenda og bregðast við honum með einhvers konar viðbragðsáætlun. Hvers vegna á ekki að koma til móts við þarfir allra nemenda í læsinnámi? Hvernig á að lyfta árangri allra nemenda? Hér verður að spyrja hvernig þessar tillögur taka mið af *skóla án aðgreiningar* sem grunnþætti í íslenskri

skólafestnu. Börn læra á ólíkan hátt og á ólíkum hraða sem taka þarf mið af. Það er erfitt að sjá að tillögur a, b og c taki mið af þeirri stefnu.

- i. Það er góðra gjalda vert að endurskoða og efla útgáfu en það þarf að gefa út lesefni fyrir alla, og styðja læsismenntun *allra nemenda* á markvissan hátt og þetta á ekki síst við um nemendur á mið- og unglíngastígi. Þetta á ekki bara við um bókmenntir heldur líka fræðibækur og lesefni í námsgreinum. Varðandi hugmyndina um *lesefni við hæfi* verður að spyrja hvernig sú hugmynd á að ná yfir lesefni í námsgreinum – varla er raunhæft að gefa út mismunandi gerðir af því. Hér skortir sýn á að það þurfi að efla læsi nemenda í námsgreinum og hæfni þeirra til að fást við og greina mismunandi texta og upplýsingar. Öll umfjöllun um læsiskennslu á mið- og unglíngastígi er rýr í tillögunum en mikil áhersla lögð á sérkennslu og yngsta stig.
- j. Hér er þröng sýn á hæfni kennara. Kennarar þurfa líka að úrskrifast með þekkingu á lestrarmenntun, barnabókmenntum, lestrarhvatningu og læsi til skilnings.

Tillaga 4: Víða í tillögunum er ágengur boðunar- og jafnvel skipunartónn sem er stuðandi og lítt til þess fallinn að skapa þann samfélagssáttmála um bættu læsismenntun sem við teljum forsendu árangurs. Þetta er sérstaklega áberandi í þessum hluta tillagnanna. Foreldrar þurfa vissulega að átta sig á mikilvægi sínu í læsinaði barna sinna. En það þarf að nálgast á annan hátt en að skipa þeim fyrir verkum eins og hér er gert. Það þarf vissulega að efla foreldra og benda þeim á leiðir í læsisuppeldi en hugmyndirnar þurfa að vera frjórri og ná lengra en þær sem hér eru settar fram (ætlí það sé endilega læsishvetjandi fyrir alla nemendur að þurfa að lesa upphátt 15 mínútur á dag fyrir foreldra sína?). Hér þarf að efla samstarf skóla, heimila og fjölmargra stofnana í samfélaginu. Það þarf að gerast í jákvæðu samstarfi margra, til dæmis með því að virkja heilsugæsluna betur til að veita markvissa fræðslu um lestraruppeldi frá fæðingu og eftir það dagforeldra, leikskólakennara og grunnskólakennara. Það þarf að virkja söfn og fjölmiðla; ekki með því að skipa þeim fyrir verkum eins og hér er gert heldur með því að skapa skilyrði. Það er til dæmis verðugt markmið að byggja upp sjóð sem allir geta sótt í til lestrarhvetjandi verkefna, skólar, foreldrafélög, söfn, fjölmiðlar svo nokkuð sé nefnt; ekki bara Heimili og skóli. Við skiljum ekki hvers vegna þau samtök, ágæt sem þau eru, eru einu aðilarnir sem hér eru nefndir. Hér ætti fyrir alla muni að sleppa fyrri liðnum í tillögu 4.a. og umskrifa þann seinni með hliðsjón af ofangreindu.

Fyrir hönd kennaradeildar HA og MSHA

Rúnar Sigþórsson, Halldóra Haraldsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Jenný Gunnbjörnsdóttir